

Úr Versasions/*Tetrologia eftir Gabríelu Friðriksdóttur.* Morgunblaðið/Ómar

Ferðalag um draumheima og dulvitund

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús

Gabríela Friðriksdóttir

Opið alla daga frá 10-17. Sýningu lýkur 26. febrúar.

SÚ VAR tíðin að Íslendingar sendu listamenn á Feneyjatvíæringinn sem viðurkenningu fyrir vel unnin störf. En velgengni Rúríar á tvíæringnum 2003 hefur orðið til þess að við höfum farið að skoða Feneyjaferðina út frá lögmálum markaðsfræðinnar, enda hefur tvíæringurinn þróast í þá áttina. Er í raun orðinn eins og stórtæk myndlistarmessa. Það vantar bara appelsínugulu punktana við listaverkin. Það lá því fyrir að ungur myndlistarmaður sem gæti nýtt sér tvíæringinn sem stökkpall í útrás yrði valinn í Feneyjaferð 2005. Og svo var raunin. Gabríela Friðriksdóttir er yngsti listamaðurinn sem við höfum sent þangað. Þegar valið var kynnt var ég nokkuð sáttur við niðurstöðuna. Gabríela var (og er) ein af áhugaverðari listamönnum sinnar kynslóðar. Hún hefur helgað sig listinni og fengið verðskuldaðan meðbyr síðan hún lauk myndlistarnámi, enda hugrakkur og snjall listamaður með fjölskyldutengsl inn í heima pólitíkur og popptónlistar. Þegar Gabríela sýndi í Gallerí i8 í hittifyrra fór ég hins vegar að efast um hvort það væri tímabært að hún færi á tvíæringinn. Hún var þá byrjuð að færa myndmál sitt meira yfir í kvikmyndaformið og hafði ekki mótað það fyllilega. Áhrif frá Cremastermyndum Matthew Barneys voru svo augljós að það var pínlegt á köflum og heildarmynd sýningarinnar var ósannfærandi.

Fyrir Feneyjatvíæringinn gerði Gabríela kvikmynda-skúlptúr-innsetningu, Versations/Tetrologia í samvinnu við ólíka listamenn á borð við Björk Guðmundsdóttur, Daníel Ágúst, Sigurð Guðjónsson og Ernu Ómarsdóttur. Þessi innsetning er nú til sýnis í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur og er heldur meira sannfærandi en umrædd gallerísýning í i8. Áhrif frá Matthew Barney eru ennþá yfirþyrmandi. Þeirra gætir reyndar ekki svo í málverkunum eða skúlptúrunum. En í kvikmyndunum fjórum er formið, frásögnin, uppbyggingin og aðferðin sláandi lík. Þar er skúlptúrinn í aðalhlutverki. Hver sena er í raun skúlptúrgjörningur og kvikmyndin verður því áþreifanleg í huga manns. Samspil á milli kvikmynda, tónlistar, málverka og skúlptúr-leikmynda er virkilega vel útfært og heildarmyndin verður sem eitt ævintýralegt ferðalag þar sem atburðir fléttast saman með óvæntum hætti. Jafnvel stólar og hátalarabox eru hönnuð af listakonunni og formuð í takt við efni innsetningarinnar og verða þar af leiðandi efnislegur hluti af sýningunni.

Myndheimurinn er draumkenndur og goðsögulegur. Blanda af kukli og Grimms-ævintýrum þar sem ógeðfelldir þættir mannlegs eðlis eru í aðalhlutverki. Í nútímanum hafa menn tilhneigingu til að þynna slíka þætti út í sígildum ævintýrum og skreyta í Disney-stíl til að þau verði aðlaðandi og söluleg, en eyðileggja þá um leið dulda og táknfræðilega merkingu þeirra sem ætlað er að leiðbeina sálum barna í þroskaferli þeirra. Dæmi um slíkt er sagan um froskinn sem kóngsdóttir átti að bjóða að borða af disk sínum og deila með sæng. Í upphaflegu Grimms-ævintýri er froskurinn slímugur með vörtur og ógeðslega tungu en í Disney-útgáfunni er hann fagurgrænn með gullkórónu. Er þannig séð hið mesta krútt sem krefst engrar fórnfýsi af hálfu snobbaðrar prinsessu þurfi hún að mata hann, kúra hjá honum og kannski knúsa.

Gabríela er sönn meiningu ævintýra og nýtir sér dulúð og táknfræði til að snerta undirrót tilfinninga. Táknfræðileg smáatriði skipta þar öllu. Ferðalangur með geit er í þekkingarleit (sbr. „Myndmál ævintýranna“ eftir F. Lenz, þá er geit mynd forvitninnar sökum þess að hún étur allt). Annar ferðalangur gengur um skógarlendi, á mörkum skynheims og andlegs heim, og rekst á veru sem býr undir rótum trés (tré er tákn taugakerfis og lífskrafts þess, sbr. F. Lenz). Hann tekur rótarbörn hennar („Mandrake“) og sleppir þeim í vatn (vatn er tákn sálar, sbr. F. Lenz). Og þannig má lesa í táknin.

Í ævintýrum er allt dýrslegt myndlíking fyrir hugmyndir af hvötum manna. Hjá Gabríelu eru verur gjarnan faldar þar til þær rísa úr iðrum jarðar eða fæðast. Hreyfingar þeirra fela í sér bælingar, erfiði, þjáningar, sorgir, langanir o.s.frv.

Fyrrverandi fíkniefnaneytandi sagði mér að hann upplifði verk Gabríelu álíka og að koma niður eftir neyslu. Ég er ekki frá því að Versasion/Tetrologia geti dregið fram slíkar kenndir hjá hverjum sem er. Ég var allavega eftir mig þegar ég gekk út af sýningunni. Eins og eftir heljarinnar draumfarir sem maður veit að hafa rótað til í dulvitundinni en getur þó ekki fært upplifunina yfir í rökrænan skilning. Með Versation/Tetrologia sýnir Gabríela hæfileika til að færa slíka upplifun yfir í myndrænan eða skynrænan skilning, ef svo má kalla, með órökrænu myndmáli og táknrænu sem við þekkjum einna helst úr draumheimi.

Jón B.K. Ransu

Kvikmyndir

Borgarbíó, Akureyri
The Fog
Hostel ★★☆☆☆ (SV)
Cheaper by the Dozen 2
Just Friends ★★★☆☆ (HJ)
Smárabíó
The Fog
Brokeback Mountain
Memoirs of a Geisha
Cheaper by the Dozen 2
Hostel ★★☆☆☆ (SV)
A Little Trip to Heaven ★★★★☆ (HJ)
Draumalandið ★★★☆☆ (SV)
Regnboginn
Brokeback Mountain
Memoirs of a Geisha
Brothers Grimm ★★★★☆ (HJ)
A Little Trip to Heaven ★★★★☆ (HJ)
Laugarásbíó
Memoirs of a Geisha
Cheaper by the Dozen 2
Jarhead
Just Friends ★★★☆☆ (HJ)
Draumalandið ★★★☆☆ (SV)
Háskólabíó
Caché
Les Égarés
Le Poupées Russes
Pride and Prejudice
Oliver Twist
Rumor has it ★★☆☆☆ (SV)
Chronicles of Narnia ★★★★☆ (SV)
King Kong ★★★★☆ (SV)
Harry Potter og eldbikarinn ★★★☆☆ (HJ)
Sambíóin Reykjavík, Keflavík, Akureyri
Domino ★★★☆☆ (SV)
Rumor has it ★★☆☆☆ (SV)
Chronicles of Narnia ★★★★☆ (SV)
King Kong ★★★★☆ (SV)
Draumalandið ★★★☆☆ (SV)
Harry Potter og eldbikarinn ★★★☆☆ (HJ)
Brothers Grimm ★★★★☆ (HJ)
Jarhead
Pride and Prejudice
Oliver Twist
Litli kjúllinn ★★☆☆☆ (SV)

Myndlist

101 gallery: Ásmundur Ásmundsson. Til 25. feb.
Artótek, Grófarhúsi: Valgerður Hauksdóttir myndlistarmaður til 19. feb.
Bananananas: Spessi, Portray. Til 28. jan.
Café Karólína: Aðalsteinn Svanur sýnir blek-sprautuprentaðar ljósmyndir á segldúk til 3. febr.
Gallerí + Akureyri: Ingileif sýnir myndbandsverk og Áslaug Thorlacius sýnir ljósmyndir og teikningar. Til 29. jan.
Gallerí BOX : Arna Valsdóttir sýnir „Kvika“. Stendur til 11. feb.
Gallerí I8: Ólafur Gíslason.
Gallerí Sævars Karls: Helgi Már Kristinsson sýnir. Til 26. jan.
Gallery Turpentine: Hallgrímur Helgason. Til 31. jan.
Hafnarborg: Kári Svensson frá Færeyjum og Pétur Bjarnason myndhöggvari. Til 30. jan.
Hallgrímskirkja: Kristín Gunnlaugsdóttir og Margrét Jónsdóttir til febrúarloka.
Hrafnista, Hafnarfirði: Ellen Bjarnadóttir sýnir í Menningarsal til 7. febrúar.
i8: Sýningin Fiskidrama samanstendur af myndbandi, skúlptúr og teikningum.
Iða: Þóra Guðrún Benediktsdóttir sýnir til loka janúar.
Karólína Restaurant: Óli G. Til aprílloka 2006.
Kling og Bang gallerí: Erling T.V. Klingenberg og Sirra, Sigrún Sigurðardóttir. Til 22. janúar.
Listasafn ASÍ: Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson og Tinna Gunnarsdóttir. Til 5. feb.
Listasafn Einars Jónssonar: Fastasýning.
Listasafn Íslands: Sýning á verkum 13 íslenskra samtímalistamanna. Til 12. febrúar.
Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn: Kristín Þorkelsdóttir og Guðrún Vigfúsdóttir. Til 12. feb.
Listasafn Reykjanesbæjar: Guðrún Einarsdóttir. Til 5. mars.
Listasafn Reykjavíkur, Ásmundarsafn: Bernd Koberling til 22. janúar.
Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús: Erró til 23. apríl.
Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir: Jóhannes Sveinsson Kjarval. Til 19. mars.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur: Skotið. Jóna Þorvaldsdóttir. Til 22. feb.
Norræna húsið: Þrjár finnskar listakonur.
Nýlistasafnið: Kees Visser, Þór Vigfússon og Ívar Valgarðsson. Til 28. jan.
Saltfisksetur Íslands: Margrét Bára með málverkasýningu. Til 27 jan.
Safn: Einar Falur Ingólfsson, Anouk de Clercq og Greg Barrett sýna verk sín til 5. febrúar.
Skúlatún 4: Myndlistarsamsteypan Skúli í Túni sýnir: Til 12. feb.
Yggdrasill: Tolli til 25. jan.
Þjóðmenningarhúsið: Hjörtur Hjartarson. Íslenskt bókband.
Þjóðminjasafn Íslands: Huldukonur í íslenskri myndlist, til 28. maí. Ljósmyndir Marco Paoluzzo í Myndasal og ljósmyndir Péturs Thomsen. Til 20. febrúar.

Leiklist

Austurbær: Annie, sun.
Borgarleikhúsið: Salka Valka, sun., fim. Woyzeck, lau. Kalli á þakinu, lau., sun. Carmen, fös. Manntafl, sun. Belgíska Kongó, lau. Glæpur gegn diskóinu, fim., fös. Naglinn, lau., sun., fös.
Hafnarfjarðarleikhúsið: Himnaríki, lau.
Iðnó: Ég er mín eigin kona, fös.
Leikfélag Akureyrar: Fullkomið brúðkaup, lau., fös.
Nasa við Austurvöll: Typpatal með Audda, fim., fös.
Þjóðleikhúsið: Túskildingsóperan, lau., fös. Klaufar og kóngsdætur, sun. Eldhús eftir máli, lau., sun., mið., fös. Sunnudagskvöld með Svövu, sun.